



Myndlist

eftir VALTÝ
PÉTURSSON

Tvö af málverkunum á sýningunni

Það er ekki á hverjum degi, að gagnrýnendur taka til hendi og koma saman sýningu á verkum myndlistarmanna. Nú hefur þetta gerst, og valið verið einskorðað við þá listamenn, sem sýnt hafa á árinu, bæði einkasýningar og samsýningar komu þar til greina, svo að segja má að valið sé nokkuð breitt í eðli sínu. Enginn einn gagnrýnandi fékk algerlega ráðið, hvernig þessi sýning er saman sett. Því má með sanni segja, að þetta val sé vísir að smekk þeirra fimm gagnrýnenda, sem völdu sýninguna, en rangt

VAL '76

— Myndlistarsýning gagnrýnenda

væri að halda, að þetta sé endanlegt álit þeirra, er að sýningunni standa. Eg vil gjarnan vekja áhuga fólks á þessari sýningu, og er þá fyrst og fremst skemmtilegt fyrir almenning að kynna, hvernig gagnrýnin velur og hvernig þetta allt hefur tekist. Það má enginn taka þessa sýningu sem hæstarétt í myndlistarmálum. Hér er miklu fremur um tilaun að ræða, sem engann veginn getur talist óskekikul. Samt held ég að fullyrða meg, að þetta sé fjörug og lifleg sýning, sem er hvergi skorðuð við eitt eða tvö sjónarmið. Og nú má með sanni segja, að málin séu orðin svo skyld þeim, er skrifa um myndlist í dagblöðin, að erfitt sé eða alger ógerningur að láta frá sér fara gagnrýni í venjulegum skilningi.

A þessari sýningu eru 75 listaverk eftir 16 höfundum. Þar kennir margra grasa: Málverk, vatnslitamyndir, grafík, skulptúr í tré og gips, vefnaður. Hér eru flestar þær stíltegundir sem stundaðar eru hér á landi um þessar mundir. Elsti listamaðurinn er á sjötugsaldri og þeir yngstu rúmlega tvítugir. Eins og hér kemur fram, ætti þessi sýning að gefa allgott úrtak af því, sem komið hefur fram á seinasta ári í myndlist hér í Reykjavík. Flest eru þessi verk

til sölu og aðeins örfá í eigu annarra en listamannanna sjálfra.

Ef litið er yfir þessa sýningu hefur hún skemmtilega lifandi blæ, sem ef til vill er að þakka því, hve ólíkir listamennirnir eru í vinnubrögðum og stílfærslu. Haukur Dór er álitinn expressionisti. Ragnheiður Ream sækir yrkiseftir sitt í íslenska náttúru. Þórir Hall er fingerður grafiker. Gunnar Örn sýnir nýja myndröð, er hann nefnir Sól I. II. o.s.frv. Jóhannes Geir sýnir sum af bestu verkum sínum. Karl Kvaran ljómar á endavegg, og man ég ekki eftir að hafa séð hann svo sterkan á samsýningu áður. Magnús Kjartansson á þarna þrjú verk, sem öll sverja sig í ætt við hann. Ragnheiður Jónsdóttir sýnir fjórar grafíkmyndir, sem allar eru með því besta, er hún hefur gert. Richard Valtingoer sýnir bæði teikningar og grafík, sem mjög eru einkennandi fyrir hann sem svartlistarmann. Torfi Jónsson á þarna nokkrar vatnslitamyndir, sem gefa hæfileika hans greinilega til kynna. Hjörleifur Sigurðsson sýnir vatnslitamyndir, sem bera sterkt svipmót hans. Ásgerður Ester Búadóttir á þarna tvö teppi og er einasti vefarinn á þessari sýningu. Kristján Kristjánsson sýnir samklippur sem hafa sérkennilega mjúkan tónstíga. Sigurjón Ólafsson á þarna nokkur verk, sem setja sterkan og ákveðinn svip á sýninguna í heild. Magnús Pálsson sýnir myndverk, gerð í gips, og eru nokkuð óvenjuleg. Af þessu má sjá, að hér er um margvísleg listaverk að ræða. Það er bæði skemmtilegt og fróðlegt að kynna þessa sýningu, ekki hvað síst fyrir hvað hún er margþætt og slungin. Kristján Davíðsson á þarna verk, sem sérstaka athygli vekja.

Ekki ætla ég að fara fleiri orðum um listaverkin á þessari sýningu, en ég held, að enginn sé svikinn af að sjá þetta val gagnrýnenda, og væri vel, ef fólk gæfi sér tíma til að líta inn á Kjarvalsstöðum og gagnrýna svolítið gagnrýnendur. Það ber einnig að þakka hússtjórn Kjarvalsstaða fyrir að hafa gert þessa sýningu mögulega og hver veit nema hér sé að byrja hefð, sem getur orðið árviss viðburður í listalífi reykvíkinga á næstu árum.

Valtýr Pétursson.

Iceland Review og Flugleiðir:

Sérstök „flugútgáfa“
fyrir farþega

— í allt að 120 þúsund eintökum

Í fréttatilkynningu frá Flugleiðum segir að félagið hafi nýlega gert samning við Harald J. Hamar, ritstjóra og útgefanda Iceland Review, um sérstaka „flugútgáfu“ sem verður á boðstólum fyrir farþega Flugfélags Íslands og Loftleiða á öllum flugleiðum félaganna. Verður upplag þessarar sérútgaðu, sem verður á ensku, allt að 120 þúsund í senn og verða tvær útgáfur ráð-

gerðar árlega en fyrsta heftið fer í dreifingu fyrir áramót.

Mun heftið liggja frammi á skrifstofum félaganna og hótélum, auk þess að þau verða sett í sætisvasa vélanna, en farþegum mun frjálst að hafa eintak með sér til minja um ferðina. Segir í fréttatilkynningu Flugleiða, að miðað við alþjóðlega reynslu af útgáfu tímarita fyrir flugfélög þá megi ætla að lesendahópur hvers heftis í

fyrirgreindu upplagi verði um 4—500 þúsund manns.

Þá segir í fréttatilkynningu Flugleiða að auk sameiginlegs ritstjórnarefnis Iceland Review tímaritsins og þessarar flugútgaðu þá verði einnig í þessari flugútgaðu efni, sem sérstaklega verði skrifað fyrir flugfarþega. Verði þar á meðal upplýsingar og leiðbeiningar svo og greinar um ýmsa viðkomustaði félaganna og annað, sem ástæða þykir að fræða farþega um eða benda þeim á.

Fyrsta eintakið, sem fara mun í dreifingu innan tíðar, mun vera fjölbreytt að efni, allt litprentað og 32 síður í sama broti og tímaritið Iceland Review sjálft.

Afmæli:

Árni Kristjánsson
píanóleikari

Er Árni Kristjánsson píanóleikari fyllir nú sjöunda tuginn, er gömlum nemanda hans efst í huga þakklæti og aðdæun á starfi þessa stórbrotna listamanns, sem hefir sannarlega lyft tónlistarlífi okkar Íslendinga á hærra stig með sínu frábæra starfi sem píanóleikari, kennari, skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík og tónlistarstjóri Ríkisútvarpsins. Það var haustið 1933, að Árni gerðist kennari við Tónlistarskólann, en þá hafði hann verið við nám erlendis um margra ára skeið, aðallega í Þýskalandi og Danmörku. Það kom fljótlega í ljós hvíllur fengur skólanum var að þessum nýja starfskrafti, en skólinn hafði þá starfað í 3 ár. Árni reyndist vera framúrskar-

andi kennari, og píanóleikari á heimsmeðallikvarða, sem hann sannaði með konsertum sínum bæði sem einleikari og kammermúsíker. Það má segja með sanni, að Árni sé faðir píanótónlistarinnar á Íslandi, fyrsti alvarlegi píanóleikarinn sem starfaði hér heima. Eg verð að segja það löndum mínum til hróss, að þeir hafa kunnað að meta snilligáfu þessa listamanns, og hefir hann notið mikillar aðdáunar þjóðar sinnar, sem hann sannarlega hefir átt skilið. Það er útilokað að tíunda listamannsferil Árna að nokkru ráði í þessum fáu orðum, en ef saga tónlistarlífsins á Íslandi síðustu 50 árin verður einhvern tíma rituð, þá verður hlutur Árna þar bæði stór og mikill.




Eg óska mínum gamla og góða lærimeistara og vini velfarnaðar í framtíðinni, og vona að þjóðin megi njóta listar hans og starfskrafta um mörg ókomin ár. Einnig sendi ég Önnu, hans framúrskarandi konu, og fjölskyldunni allri, innilegar hamingjuóskir með afmælisbarnið.

Rögnvaldur Sigurjónsson.
Árni er að heiman í dag.

Ný bók Einars
Þorgrímssonar

MYRKA náman heitir nýttkomin bók eftir Einar Þorgrímsson. Í þessari bók er sagt frá ævintýrum sem nokkrir krakkar lenda í ásamt kennara sínum í gamalli námu. Náma þessi, sem bókin dregur nafn af, er nánar tiltekið gömul silfurnáma í Skotlandi, sem staðið hefur ónotuð í langan tíma en ennþá leynist þó eitthvað kvíkt í henni. Myrka náman er bók tilvalin tápmikilum piltum aflestrar, enda hörkuspennandi frá upphafi til enda.

Einar Þorgrímsson er ungt skáld sem áður hefur sent frá sér fjórar bækur: Leynihellinn (1970), Leyndardóma eyðibýlisins (1971) Ögnvald skólaskálans (1972) og Ögnir kastalans (1975). Höfundur er sjálfur útgefandi bóka sinna.

Verkfræðingar
Tæknifræðingar
lönaðarmenn

Nýkomin sending af hinum vönduðu reiknivélum, SR-51, frá Texas Instrument. Verð kr. 32.800.00. Innifalinn spennubreytir hleðslurafhúður og taska. 1 árs ábyrgð.

Rafeindateki Glæsibæ Sími 81915

Sjómannaplatti
með mynd Eggerts

NÚ ER að koma á markaðinn platti ársins 1976. Á honum er mynd af sjómönnum við vinnu sína, sem Eggert Guðmundsson, listmálari, hefur teiknað. Utan um myndina hefur Ívar Þ. Björnsson, leturgrafari, gert umgjörð úr kvæðinu „Táp og fjör og frískir menn“, eftir Grím Thomssen.

Mótívið var valið með tilliti til þess, að á árinu fékkst viðurkenning á 200 mílna landhelginni og einnig átti Landhelgisgæzlan 50 ára afmæli.

Plattinn er mun seinna á ferð

inni er gert var ráð fyrir að stafar það af ýmsum tölum hjá verksmiðjunni. Það er Postulínsverksmiðjan Fürstenberg í Vestur-Þýskalandi, sem hefur unnið plattann. Upplag er mjög takmarkað.

Það er Skrautgripaverzlun Jóns Dalmannssonar, sem lætur gera plattann. Áður hefur fyrirtækið látið gera 2 platta, sem urðu mjög vinsælir.

Verzlunin var um árabíl á Skólavörðustíg 21 í Reykjavík, en er nú flutt í eigið húsnæði á Frakkastíg 10.